



## **Svör við fyrirspurn Álfhildar Leifsdóttur Vg og óháðum á 883. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 9. október 2019. Dagskrárliður 7. Fyrirspurn vegna kostnaðar við Byggðasafnið; málsnúmer 1910042.**

### **1. Hver er kostnaður vegna bæði varðveislur- og rannsóknarhluta Byggðarsafnsins sem staðsettur er á Sauðárkróki (þ.e. safngeymslur í Minjahúsi, Borgarteigi og skrifstofur starfsfólks) frá því að makaskiptin voru gerð og í hverju felst sá kostnaður?**

Leigugreiðsla vegna Aðalgötu 16b þar sem munir Byggðasafns Skagfirðinga eru varðveittir nemur samtals kr. 10.202.368,- á árunum 2018 og 2019 (út ágúst).

Eignfærsla Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna varðveislurýmis að Borgarflöt nemur kr. 52.103.297,-. Innifalið í þeirri tölu er kaupverð hússins og viðbætur á því s.s. uppsetning millilofta og breytingar vegna brunakrafna.

Innri leiga vegna varðveislurýmis að Borgarflöt nemur kr. 4.701.125,- frá því að Sveitarfélagið Skagafjörður eignaðist sinn hlut þar. Innri leiga kemur til tekna hjá Eignasjóði á móti.

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur reiknað innri leigu vegna eignarhluta síns í Aðalgötu 2 þótt það hafi ekki nýtt húsið nema að takmörkuðu leyti undanfarin ár. Því hefur ekki fallið til neinn nýr kostnaður vegna leigu aðstöðu starfsfólks Byggðasafns Skagfirðinga þann tíma sem það hefur verið þar.

### **2. Hver er kostnaður við geymsluhlutann á Borgarteigi, annarsvegar vegna innsetningar sérhæfðrar safngeymslu og hins vegar vegna viðbragða við áhættusamt nágrenni þeirrar staðsetningar?**

Heildarkostnaður við rými Sveitarfélagsins Skagafjarðar að Borgarflöt er kr. 52.103.297,-

Enginn kostnaður hefur fallið til vegna innsetningar sérhæfðrar safngeymslu en ráðist hefur verið í framkvæmdir vegna öryggis- og brunavarna. Sá kostnaður er eftirfarandi:

Breytingar vegna brunakrafna	3.762.833,-
Eldvarnarhurðir á milli hólfa	520.000,-
Öryggis- og eldvarnarkerfi	1.650.000,-

Upphæðin á breytingum vegna brunakrafna er innifalin í ofangreindum heildarkostnaði en upphæðin fyrir eldvarnarhurðum og öryggis- og eldvarnarkerfi er þar til viðbótar þar sem sá kostnaður er áætlaður og framkvæmd ekki hafin.

### **3. Hve lengi er talið að sá hluti safnsins sem er á Sauðárkróki verði í þessum aðstæðum (of lítið geymslurými, engin sýningaraðstaða, takmörkuð rannsóknar- og munaaðstaða sem dæmi)?**

Í drögum að samkomulagi við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna byggingar nýs menningarhúss á Sauðárkróki er gert ráð fyrir að fjármögnun þess dreifist á árin 2020-2023 og að lokafjármagn vegna þess verði þannig greitt á árinu 2023 þegar ætla má að framkvæmdum ljúki.



Gert er ráð fyrir að í nýju menningarhúsi verði aðstaða fyrir sérfræðinga Byggðasafns Skagfirðinga og fullkomið varðveislurými sem stenst allar kröfur sem til slíkra rýma eru gerðar. Þar með verður Byggðasafn Skagfirðinga eitt fárra safna á landinu sem getur státað sig af þeim aðbúnaði.

Er þar um mikil gleðitíðindi að ræða því aðstaðan fyrir varðveislu muna í Minjahúsinu á Sauðárkróki hefur ekki þótt boðleg til langframa og fyrirséð að ráðast hefði þurft í mikinn kostnað við endurbætur hússins og viðbyggingu hefði starfsemi safnsins átt að vera þar til einhverrar framtíðar.

Þegar nýtt menningarhús á Sauðárkróki verður tilbúið er gert ráð fyrir að selja þá aðstöðu sem er í eigu sveitarfélagsins að Borgarflöt.

Verið er að móta hugmyndir um framtíðarstaðsetningu sýninga Byggðasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki.

#### **4. Hvaða afleiðingar er talið að þessar aðstæður sem hluti Byggðarsafnsins er sett í muni hafa fyrir safnið?**

Byggðasafn Skagfirðinga er nú sem fyrr stolt Sveitarfélagsins Skagafjarðar enda leggur það metnað sinn í að aðbúnaður safnsins og umgjörð verði sem best, sbr. fyrirætlanir um að tryggja fullkomið varðveislurými og aðstöðu fyrir sérfræðinga Byggðasafnsins þar sem þeir geta unnið þverfaglega með öðrum sérfræðingum, s.s. starfsmönnum Héraðsskjalasafns, Héraðsbókasafns o.fl.

Safnaráð hefur tekið út þann aðbúnað sem munir Byggðasafns Skagfirðinga verða í þar til fullkomið varðveislurými verður tilbúið í nýju menningarhúsi á Sauðárkróki, og veitt tímabundna heimild til varðveislu munanna þar. Ekki er því talið að tilfærsla munanna frá Aðalgötu til Borgarflatar hafi neinar afleiðingar fyrir varðveislu muna.

Flutningum fylgir vissulega ákveðið álag á starfsemi og muni en búið er að flokka, skrá, ljósmynda, þrifa og endurpakka alla muni í því ferli og þeir tilbúnir til flutninga.

Starfsmenn Byggðasafns sem áður störfuðu í Minjahúsinu á Sauðárkróki hafa undanfarna mánuði starfað í aðstöðu sveitarfélagsins að Aðalgötu 2.

Aðstaða starfsmanna Byggðasafnsins tekur að miklu leyti mið af þeirri vinnu sem þeir fást við hverju sinni.